

29. maí 1984

389

Nr. 257

## REGLUGERÐ

um hámark eininga lyfjaávísana.

1. gr.

Óheimilt er að afhenda einstaklingi meira magn lyfs samkvæmt lyfseðli en sem nemur tveggja mánaða birgðum, miðað við notkunarfyrisögn læknis fyrir hverja afgreiðslu, (fastagjald) eins og hún er ákveðin hverju sinni samkvæmt reglugerðum um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði skv. 43. gr. almannatryggingalaga.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 1984.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. maí 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

25. maí 1984

Nr. 258

## REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðingshjálp í rannsóknum og röntgengreiningu.

1. gr.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 270 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 270 hverrar rannsóknar hjá rannsóknastofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 270 af kostnaði við hverja röntgengreiningu. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða hálf gjald, þ. e. a. s. kr. 135 í hvert skipti, fyrstu 12 skiptin árlega, en síðan ekkert.